



## Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu þriðjudaginn 28.01.2014 kl. 17:15

Mættir: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Sigurður Bjarnason (SB), Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (ÞBS), Viðar Erlingsson (VE), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ) og Victor Ingi Olsen (VIO). Ragnheiður Traustadóttir (RT) boðaði forföll. Einnig sátu fundinn Jóhannes Egilsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina og Páll Grétarsson fjármálastjóri.

### Fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar – samþykkt.
2. Ípróttamaður ársins
  - a. Aðalstjórn óskar ípróttamanni og ípróttakonu ársins hjartanlega til hamingju með útnefninguna. Auk þess er Páli Grétarssyni óskað til hamingju með heiðursviðurkenningu fyrir störf að ípróttamálum. Jafnframt sendir aðalstjórn öllu því fjölmarga Stjörnufólki sem og öðrum er fengu viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur hver á sínu sviði innilegar hamingjuóskir.
3. Skýrsla framkvæmdastjóra
  - a. Fundir framkvæmdastjóra, formanns og varaformanns með stjórnnum allra deilda
    - Kynntar voru helstu væntingar deildanna vegna þeirra breytinga sem átt hafa sér stað á skipuriti félagsins.
  - b. Nóri - skráningarkerfi
    - Framkvæmdastjóri fór yfir helstu niðurstöður af fundi sínum með þeim starfsmönnum Stjörnunnar sem þekkja best til Nóra kerfisins og hafa mestu reynsluna af því. Lagt var til að myndaður yrði vinnuhópur sem hefur það markmið að finna betri lausnir við vinnsluna á kerfinu en verið er að gera í dag.
  - c. Tölvupóstforrit og samskipti við foreldra og iðkendur
    - Framkvæmdastjóri fór yfir hugmyndir sínar við innleiðingu á nýjum hugbúnaði sem heldur utan um öll netföng og getur hjálpað Stjörnunni til við að vera í betri samskiptum við alla hagsmunaaðila Stjörnunnar.
  - d. Ný heimasíða
    - Framkvæmdastjóri fór yfir hvernig verkefnið „ný heimasíða“ yrði unnið, en það verður gert með aðkomu allra deilda í þarfagreiningu. Bragi Hinrik Magnússon hefur verið fenginn til að halda utan um verkefnið.



e. Ásýnd Stjörnuheimilis

- Framkvæmdastjóri fór yfir hugmyndir sínar um að bæta ásýnd Stjörnuheimilisins með ýmsum hætti.

f. Nýjar tekjuleiðir

- Framkvæmdastjóri fór yfir hugmyndir sínar þess efnis að auka blaðaútgáfu hjá Stjörnunni og gefa út þrjú blöð á ári, fyrir sumarstarfið, vetrarstarfið og um áramót. Ákveðið var að fara fyrst út í eitt blað og taka svo mið af árangrinum hvort farið verður í önnur blöð.
- Framkvæmdastjóri fór yfir hugmyndir sínar um að gera meira af því að leigja út Stjörnuheimilið en gert hefur verið og með hvaða hætti það skildi gert.

g. Starfsmannaðstaða

- Framkvæmdastjóri fór yfir hugmyndir mannvirkjanefndar um aðstöðu fyrir starfsfólk. Ákveðið var að fara í ítarlegri þarfagreiningu, óskir starfsmanna, og deilda og vinna út frá því nákvæmari hugmynd sem byggir á fyrirliggjandi tillögu.

4. Uppgjör 2013

- Gjaldkeri og fjármálastjóri gerðu grein fyrir drögum að uppgjóri 2013. Staða félagsins lítur vel út og er rekstarniðurstaða heildarreiknings jákvæð. Á næsta fundi aðalstjórnar verður lokauppgjör lagt fram.

5. Rekstraráætlanir

a. Rekstraráætlun körfuknattleiksdeildar kvenna

- *Fyrirliggjandi áætlun körfuknattleiksdeildar kvenna var samþykkt.*

b. Rekstraráætlun aðalstjórnar

- *Gjaldkeri gerði grein fyrir rekstraráætlun aðalstjórnar. Áætlunin var samþykkt með óverulegum breytingum.*

6. Önnur mál

- Farið yfir tilnefningu á fólki til að taka sæti á Árspingi UMSK. Stjarnan á 9 sæti á þinginu. Framkvæmdastjóra falið að fullmanna sæti félagsins með könnun á því hverjir ætla sér að fara frá aðalstjórn og úr stjórnnum deilda.



- Rætt var um þá hugmynd að koma á félagsgjöldum. Framkvæmdastjóra var falið að kanna möguleikann á slíku gjaldi og gera könnun meðal félagsmanna og kynna niðurstöður í lok febrúar.
- Rætt var um notkun vörumerkis Stjörnunnar á fatnaði sem foreldrafélög hafa selt í fjáröflunarskyni. Ábendingar hafa borist þess efnis að misskilnings gætir í því hver sé hinn raunverulegi Stjörnubúningur enda ekki augljóst að um fjáröflunarverkefni sé að ræða. Aðalstjórn felur framkvæmdastjóra að koma á framfæri innan félagsins reglugerð um Stjörnumerkið og notkun þess. Sérstaklega skal bent á að skv. 6. gr. er óheimilt að nota merki félagsins án samþykkis framkvæmdastjóra félagsins.
- Rætt var um fundargerð bæjarstjórnar Garðabæjar frá 16. janúar sl. um skipun fulltrúa Stjörnunnar í nefnd um undirbúnings byggingar fjölnota knattspyrnuhús á Ásgarðasvæðinu. Aðalstjórn leggur ríka áherslu á að fulltrúi UMF Stjörnunnar hafi hagsmuni alls ungmennafélagsins að leiðarljósi. Því samþykkir aðalstjórn að tilnefna formann félagsins til setu í nefndinni.
  
- Stefnt er að því að hafa aukafund aðalstjórnar þann 10. febrúar nk.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:00. Ritað J.Egils